



## SSSK gengin í SVP og Samtök atvinnulífsins

Fimmtudaginn 22. janúar var félagsfundur SSSK haldinn hjá SVP í Húsi atvinnulífsins á 6. hæðinni. Edda Huld Sigurðardóttir varaformaður SSSK og skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar bauð félagsmenn velkomna og því næst kynnti Andrés Magnússon framkvæmdastjóri SVP og Sigríður Anna Guðjónsdóttir verkefnastjóri samtakanna starfsemina.



Edda Huld og Axel fjármálafulltrúi  
Hjallastefnunnar í anddyri Húss atvinnulífsins

Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri Leikskólasvið borgarinnar mætti til fundar við leikskólafólkið ásamt Helgu Gunnarsdóttur og kynnti drög að nýjum þjónustusamningi milli borgarinnar og sjálfstætt rekrum leikskólum. Fram kom að verið væri að fara yfir athugasemdir stjórnar SSSK og ætti niðurstöður að liggja fyrir innan skamms. Þá var tilnefnd í 3 manna vinnuhóp til að undirbúa og móta gerð kjarasamning ásamt SA við KÍ, Eflingu og fl. stéttafélög. Þetta verður í fyrsta sinni sem SA koma að gerð samninga fyrir sjálfstætt rekna skóla.

## Er búið að merkja skólahúsið með merki SSSK?

**Merki SSSK er til afhendingar hjá Sigríði Önnu hjá SVP í Borgartúni 35 á 2. hæð .**

**Einnig er lýst eftir kassa með merki SSSK. Sá/sú sem finnur hann hjá sér getur haft samband við Sigríði Önnu í síma 511 3000 eða 898 4019.**



## Verkefnastjóri SSSK



Sigríður Anna Guðjónsdóttir hefur tekið við starfi verkefnastjóra SSSK. Hún hóf störf hjá SVP 2006 og sinnir ýmsum verkefnum fyrir samtökin ásamt því að sjá um fræðslu og menntamál verslunar- og þjónustugreina. Sigríður Anna er grunnskólakennari að mennt og lauk mastersprófi frá KHÍ í stjórnun menntastofnana 2006. Hún starfaði sem kennari í yfir 20 ár áður en hún söðlaði um þegar náminu lauk og hóf störf hjá SVP. Aðspurð sagðist Sigríður Anna hlakka mikið til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni fyrir SSSK og þykir einstaklega skemmtilegt að tengjast aftur skólastarfi og lífinu sem þar er að finna.

## Viðræður hafnar um gerð þjónustusamnings við grunnskóla SSSK í borginni

Stofnaður hefur verið starfshópur á Menntasviði um gerð rekstrarsamnings við sjálfstæðu skólana í borginni undir forystu Guðrúnar Pálinu Ólafsdóttur. Boðaði hún fulltrúa skólanna ó óformlegan fund til þess að undirbúa samningagerðina en á næstu vikum verður allur hópurinn kallaður saman og vinnan sett af stað.